

DE FORENEDEBRYGGERIER.



KRONE LAGERÖL

er best.

Landhelgisvörnin í Garðssjó.

Peir, sem vildu taka hana að sjer á timabilinu frá 11. maí næstkomandi, yfir vorði og sumarið, geri svo vel að senda tilboð um, fyrir hve mikið á mánuði þeir vilja gera það, til

Eiríks Þorsteinssonar kaupmanns í Gerðum

fyrir 14. apríl n. k.

um, en enskur herforingir, Major Peacock, sem sjálfur var viðstaddur málareksturinn, hratt þessum staðlausa áburði með ítarlegri grein í blaðinu Madras Times.

Langfráleitust eru þó ummæli sr. Ófeigs um Mrs. Besant, því enginn fótur er fyrir þeim, nema ef vera skyldi sá, að hún skildi við mann sinn fyrir mörgum árum, og getur það varla heitið nein mannorðsskemd, jafnvel þótt hann væri prestur. Þar sem hann segir, að hún hafi verið „sökkuð um hneykslanlega sambúð við ýmsa menn“, þá hefur, mjer vitanlega, enginn orðið til þess á prenti, nema Mr. Gook á Akureyri, og það í blaði sem hann gefur út hjér á Íslandi, en jeg leyfi mjer að efast um það, að hann þyrði að halda slíku fram opinberlega á Englandi, þar sem Mrs. Besant er virt og elskuð af öllum mönnum, sem nokkuð þekkja til hennar. Rit hennar bera ljósastan vottinn um siðferðisskoðanir hennar, og að hún brjóti ekki sjálf í bág við þær með „hneykslanlegri sambúð við ýmsa menn“, má meðal annars ráða af því, að menn og konur af besta tægi flykkjast þúsundum saman að fyrirlesturum hennar, en það mundi fráleitt eiga sjer stað, ef slíkur blettur væri á mannorði hennar. Englendirar eru yfirleitt svo vandir að virðingu sinni, að þeir mundu ekki leyfa konum sínum, leiðstrum og dætrum að sitja við fætur þeirrar manneskju, sem hefði slíkt óorð á sjer. Þá skal jeg leyfa mjer að benda á það, að W. Stead ritsgjafi, sem var alunnur að þróðmensku og vandlætingu, batt vinfengi sitt við Annie Besant og mintist hennar jafnan með aðdáun og virðingu í tímariti sínu „Review of Reviews“. Og að lokum vil jeg skírskota til enska prestsins alunnna, Mr. Campbell, sem fjekk hana til að flytja erindi í kirkju sinni í Lundúnaborg, og leiddi hana fram fyrir söfnuðinn með þessum orðum:

„Þegar jeg leiddi Mrs. Besant fram fyrir söfnuð minn í City Temple með nokkrum orðum, þá er það ekki í þeim tilgangi, að slá henni neina gullhamra; en jeg finn mjer skylt gagnvart sjálfum oss, að láta þess getið, að vjer víðurkennum Mrs. Besant sem einn af helstu siðferðisfrömuðum vorrar aldar..... Hún leit sannleikans í og undir öllum trúarjátningum, Hún útskúfar engum. Af því að þekking hennar og lífsreynsla er svo djúp og víðtæk, hefur hún unnið sjer álit og víðurkenningu sem mikilli andlegur leiðtogi og lærimeistari, og því er það, að vjer bjóðum hana velkomna hjér í City Temple í kvöld.“ —

Þetta ætla jeg að nægi, til að sýna álit bestu manna erlendis á Mrs. Besant, og finst mjer það þyngra á metunum en órókstuddar ásakanir, sem menn leyfa sjer að sletta fram hjér á Íslandi til að sverta mannorð hennar, af því að þeir þykjast öruggir um, að þeir verði ekki látnir sæta lagaábyrgð fyrir. Slík vopn eru ekki sigurvænleg, heldur þvert á móti, og býst jeg við að sr. Ófeigur og aðrir komist að raun um það að lokum, ef þeir halda áfram slíkum persónulegum árásum. Jeg finn ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál að sinni, en læt Sigurð Kr. Þjettursson, þýðanda bókarinnar „Lífstígn“, sem gerð hefur verið að umtalsefni í áminstum fyrirlestri, um að svara ádeilum og misskilningi prestsins að öðru leyti.

Jón Jónsson Aðils

dócent.

Formaður Reykjavíkurstúku Guðspekistjelagsins.

Ferð til Jökuls.

Eftir Guðmund Hjaltason.

VI. Sandur

Vestur á Sandi var jeg 3 daga. Bjó þar hjá Valdimar kaupmanni. Var þar einnig gott að vera. — Þorpið er á hraunlendi, einkum syðst; sandur ekki svo mikill. Og sunnan og vestan við þorpið er mikið hraun, sumstaðar grösugt, en sumstaðar mjög úfið, einkum við sjóinn.

Á Sandi og í Keflavík eru nú um 450 manns og um 20 kyr, og sjávargagn mikið. Helder fátt um sauðfe þar eins og í Ólafsvík, en þó eitt-hvað, og á öðrum stöðum við jökul er talsvert af því. Góð fjárbeit víða í fjöllum þar, en graslendið er ekki mikið.

Sjómenn þar voru að leita að fjörumaðki og sandsili til beitu. En verða annars, og jeg held þeir í Ólafsvík líka, að sækja krækling langar leiðir. Ekki að eins inn í Eyrarsveit, heldur til Stykkishólms, stöku sinnum inn í Dagverðarnes, vestan við Hvammsfjörð.

Er mikið haft fyrir lífinu við jökul, þótt oftast sje aflasamt. Sjósókn örðug og hættuleg, líkt og á Suðurnesjum, en þó heldur verri, vegna misvinda. Batar sýndust mjer heldur litlir, enda hefur trjáviður lengi verið þar dýr, eins og önnur útlend vara. En nú er samt verslunin að smábatna. Er kostnaðarsamt að versla þarna vestra, vegna hafnslæmsku og annars.

Margbreyttur var þar fjörugróðinn og fagur; þóttist jeg sjá þar þangplöntur, sem jeg hef ekki annars staðar sjeð. En sárt fann jeg þar til fáfræði minnar. Að líta yfir þetta fjölskrúðuga fjörugróðurriki finst mjer eins og að líta í Suðurlandamálin, sem maður rjett skilur einstöku orð í, en hitt alt er eins og hulinn fegurðarheimur fyrir manni.

Meðal fleiri góðra manna hitti jeg hjér gamlan sjógarð frá Akranesi, Árna Magnússon. Var hann lengi formaður hjá Hallgrími Jónssyni alþingismanni. Árni þessi var mesti dugnaðarmaður til sjós og lands og vildu allir hjá honum róa. Enda var hann líka besti drengur og gáfumaður. Svo mikill er áhugi hans, að hann hefur róið 2 ár eftir að hann varð blindur, og brimhljóðið þykir honum eins ánægjulegt eins og fossavinnu fossahljómurinn. Sjer til skemtunar er hann að yrkja og heyrði jeg sumt af því, fult af góðum hugsunum. Eftir hann eru góðar formannavísir í „Ægi“.

Kenslukonu Ingvaldi Sigmundsdóttur hitti jeg á skólanum. Er hún áhugasöm, og sýndi mjer dálítið safn af íslenskum, fremur fásjeðum sjódyrum. Sonur Árna kennir þar, og er efnismaður.

VII. Ingjaldshóll.

Kirkjustaður þessi stendur á hæð rjett austan við Sand og Keflavík. Er þaðan fallett að sjá upp til jökulsins og undirfjalla hans, er í þeim fallettur foss. Eins mikið að sjá inn og yfrum Breiðafjörð og út um hraunin vestar á Nesinu.

Mjög fallettur nýr ljóshjálmur er í kirkjunni, og annar gamall fremur laglegur. Þar er og góð altarismynd, og eitthvað einkennilegur þrjedikunarstóll, minnir mig.

Svo fór jeg aftur til Ólafsvíkur. Kom þar aftur til sr. Guðm. og til kaupmannanna Proppe og Hreggviðs. Skemtileg heimili. Eins til læknisins, og gatst mjer vel að honum. Líka hitti jeg Sigurbjörn hómópata, hafði hann fundið áður nefndan fásjeðan jafna 1914. Er fróður um plöntur.

Heimili Guðmundar er bæði fallett og alúðlegt. Móðir hans allfróð, og þótti mjer ánægja að tala við hana. Konan, dóttir sjera Þorkels sem var á Reynivöllum, gerir og sitt til að gera hoið fámenna heimili skemtilegt. Fámént er það, en alt af fult af aðkomandi, margur þarf prest að finna.

VIII. Brimilsvellir.

Svo fór jeg til Brimilsvalla. Bjarni hrepstjóri fylgdi mjer þangað, og bjó jeg hjá honum og syni hans. Góður bær og þægilegt myndarheimili.

Þar eru um 9 býli, og sá jeg þar mörg skip í fjöru, enda er róið þaðan. Þar sá jeg merkilegt grjótt, sem Bjarni sýndi mjer. Það var þar í veggjum og í fjörunni. Það var rauðbleikt á lit, smákornt, nokkuð hart. — Dr. Þorvaldur getur um grjótt í gili nálægt Máfahlíð: „Þar eru í hljóðinu upp af bænum stórkostleg lög af hnullungargrjóti og stuðlabergi; nokkru innar er liparit og stórgert granófýr í Rauðaskriðugili.“ (Ferðabók III., s. 32). Jeg held að Brimilsvallargrjótið sje einhver liparitkendur granófýr. Granófýr er líkur graniti. En granit geta menn sjeð bæði í varða Jóns Sigurðssonar í Rvíkur kirkjugarði, og eins í súlunum við Íslandsbankadyrnar.

Hver veit annars hvað steinaríki landsins hefur að geyma af gagni og segurð?

Matthías kveður um Dr. Hjaltalin:

„Gull þjer skein í fornu fjalli, fölginn auður í jörðu snauðri, undramagn úr ám og lindum, eðalsteinar í foldarbeiði.“

Hver veit nú nema Hjaltalin hafi þarna sjeð rjettara en margir ætla? Best er að gá vel að grjótinu í öllum giljum. Þau grafa sig æ dýpra og dýpra, þau afhjúpa nýjan og nýjan jarðveg smátt og smátt. Jarðlögin eru eins og bók með ótal blöðum. En ár og lækir opna bókina bláð fyrir blað.

Eggert Claessen

yfirjettarmálfatuningsmaður.

Pósthússtræti 17. Venjulega heima kl. 10—11 og 4—5. Talsími 16.

Prentsmíjan Rún.

Með báli og brandi.

Eftir Henryk Sienkiewicz.

VIII. KAFLI.

Skrjetuski kom til Chigrin og hitti þar Zakvilikovski gamla; var hann þá í mikilli geðshræringu og orðinn nýjög óþolinmóður yfir því að ekki kom sendiboði frá furstanum, því að frjettirnar frá Sitsch urðu ávalt í skyggilegri. Það var ekki framar vafi á því, að Kmielnitski ætlaði sjer að hefja uppreisn og heimta hin fornu rjettindi Kósakka. Það var sannfrjett að Kmielnitski hafði farið suður á Krim og leitað líðveislu til khansins. Hafði hann orðið vel við líðsbóninni, og var hans von til Sitsch á hverri stundu. Horfurnar voru alvarlegar, bæði vegna líðveislu Tartara og hins, að Kósakkar flyktust hvaðanæfa til Sitsch. Aðalsmenn flýðu til borganna. Sagt var að bjóða ætti út öllu herliði suðurfylkjanna. Ukraine skiftist, helmingur hennar fylgdi uppreisnarmönnum. Útlitið var slæmt, en engum datt þó í hug, að ógnir þær myndu á dynja, sem reynd varð á.

Þeir Zakvilikovski og Barabasch höfðu fyrir löngu sjeð, að hætta mikil var fyrir höndum. Kmielnitski hafði skrifað hinum síðarnefnda og hvorki sparað hótanir nje tilfölvirðingu. Kvaðst hann þar bráðlega sækja fram með líð sitt og þá gera hann að svínahirði, því að hann kynni ekkert til herstjórna.

„Og hann skrifar mjer þannig, sem hef gengið honum í föður stað og kent honum hernaðarlistina,“ sagði Barabasch, utan við sig af gremju.

„Það er borgarastyrjöld, sem nú vofir yfir,“ sagði Zakvilikovski, „og hún er allra styrjalda ógurlegust.“

„Jeg sje,“ mælti Skrjetuski, „að tíminn er nú dýrmætur og jeg verð að halda hjeðan sem fyrst. Verð jeg því að biðja yður að afhenda mjer eins fljótt og hægt er brjef þau er jeg á að bera frá yður til Sitsch.“

„Jeg afhendi yður brjef til yfirmannanna þar og Barabasch skrifar ættingja sínum, er hann á þar. Jeg býst reyndar við, að þetta verði um seina. Furstinn ætti helst nú þegar að safna eins miklu líði og hægt væri.“

„Sendið þá undir eins til furstans og látið segja honum það, en jeg verð að halda áfram og reka erindi það er mjer var falið.“

„En það verð jeg að segja, að ferð úr er ekki hættalaus, því að þjer farð beint inn í gin drekans. Þjer getið samt óhultur haldið til Kudak, Groletski er gamall hermaður og getur ráðlagt yður hvað þjer eigið að gera, þegar þangað er komið. Jeg fer sjálfur á fund furstans; vil jeg helst berjast undir merkjum hans, eigi á annað borð fyrir mjer að liggja, að standa í styrjöldum nú í elli minni. Þjer fáið bát skipaðan mönnum, er flytur yður til Kudak.“

Skrjetuski hjelt heim og fór að búa til ferðar. Á meðan leit hann út um gluggann og sá hann þá menn svo er leiddust og stefndu þjer til knæpu Dopulos', voru það þjer Zagloba og Bohun.

Hann varð forviða að sjá Bohun í Chigrin, og skildi ekki vinskaf þeirra Zagloba. Hann kallaði á Renzian og kom hann þegar.

„Heyrðu Renzian, flyttu þjer til knæpunnar þarna, þar finnur þú digrun aðalsmann með ör á enni, segðu honum, að hjer sje maður, sem óski eftir að tala við hann undir eins, um mikilsvert málefni. Þú mátt ekki segja honum nafn mitt, þótt hann spyrji um það.“

Renzian fór þegar og kom að vörmu spori aftur með Zagloba.

„Verið þjer velkominn,“ sagði Skrjetuski við Zagloba. „Þekkið þjer mig?“

„Þekki jeg yður; jeg held nú það. Mjer er hún svo minnisstæð, víður-eign ykkar Tschaplinski. Jeg fór einu sinni þannig að, til þess, að losna úr fangelsi í Stambul. Hvernig líður Longinusi?“

„Honum líður ágætlega. Hann bað mig að bera yður kveðju sína.“

„Hann er mjög ríkur af fje en ekki víti. Þó hann losi af bolnum þessi þrjú höfuð, og sjeu þau lík hans eigin, geta þau ekki talist meira en hálf annað. En mikill skelfingar hiti er þetta, og það í marz. Tungan limist alveg föst við góminn.“

„Jeg hef ágætan mjöð, má jeg ekki bjóða yður eitt glas?“

„Sá er heimskingi, er hafnar góðu boði. Bartskerinn hefur ráðlagt mjer að drekka töluvert, til þess að kefja niður þunglyndið. Nú er Tschaplinski hættur að venja komur sínar til Dopulos, hann er hálfdaður af hræðslu og forðast alla Kósakkaforingja. En jeg held fjelagskap við þá. Þetta er ágætur mjöður. Hvaðan er hann?“

„Frá Lubni. Eru margir Kósakkaforingjar hjer?“

„Jeg held nú það, það er sannarlega nóg af þeim og hann Bohun, uppáhaldið þeirra, er einnig hjer. Hann hefur verið vinur minn síðan jeg drakk hann fyrir borð og lofaði að gera hann að kjörsyni minum. Allur þessi lýður er nú að slepast hjer í borginni, og er óráðinn í því, hverjum hann á að fylgja. Það er mjer að þakka, að þjer eru ekki orðnir menn Kmielnitski.“

„Hvernig þá?“

„Þannig, að þegar við drekkum saman, þá áminni jeg þá um að vera trúir þegar, jeg treyst því líka, að kongurinn launi mjer eftir verðskuldu minni, annars má sá gamli hætta lífi og blóði fyrir ríkið.“

„Hvað hefst Bohun að hjer?“

„Hann? Hann leggur hlustirnar við öllum frjettum frá Sitsch, því er hann kominn hingað. Jeg hygg hann væri fyrir löngu genginn í líð með Kmielnitski, ef það væri ekki af sjerstökum ástæðum. Í gær varð hann blindfullur og þá skaut hann því að mjer, að hann væri ástfanginn í stórættaðri stúlkun og ætlaði að kvongast henni. Jeg býst við, að honum þyki það ekki heppilegt, að ganga í bóndaliðið rjett fyrir brúðkaupið. Það er þess vegna sem hann gírnist svo mjög ættarskjaldmerki mitt, er hann fær við ættleiðsluna. Mikill blessaður drykkur er þetta.“

„Það gleður mig, að yður fellur hann, fáðið yður í glasið aftur.“

„Þakka yður fyrir. Jeg hef aldrei bragðað betri mjöð.“

„Hann hefur vist ekki sagt nafn stúlkunnar?“

„Mjer er alveg sama um hvað hún heitir. Í æsku var jeg ekki sjerstaklega fríður. En sjáði lautina í enni mjer. Geldingar í kvennabúri pashans í Galata gerðu hana.“

„En þjer sögðu um daginn, að hún væri eftir ræningjakúlu.“

„Nú, sagði jeg það? En það var líka satt, því að allir Tyrkir eru ræningjar.“

Zakvilikovski kom nú inn og mælti: „Bátarnir eru tilbúnir, jeg hef valið áreiðanlega menn með yður. Hjerna eru brjefin, farið í herrans nafni.“

„Hvert ætlið þjer?“ spurði Zagloba.

„Suður í Kudak.“

„Þar verður vist heitt.“

Skrjetuski heyrði ekki spádóm þennan, því hann hafði gengið út til manna sinna.

„Á bak og niður að ánni. Leiðið hestana í bátinn og biðið mín.“

Skrjetuski sneri síðan inn. Zakvilikovski holti miði í glas handa sjer og bað Skrjetuski vel fara.

„Og hamingjusama heimkomu,“ bætti Zagloba við.

„Jeg býst við að ferðin gangi fljótt, því að vöxtur er í ánni,“ sagði Zakvilikovski.

„Drekkum eitt glas enn,“ sagði Skrjetuski.

Þeir settust niður og Zakvilikovski sagði frá ýmsum æskuæfintýrum sínum og ljét í ljósi hrygð sína yfir hinni yfirvofandi borgarastyrjöld.

Það var komið sólarlag og hringt var til aftansöngs. Þeir gengu út, Skrjetuski í hina rómönsku og Zakvilikovski í hina grísku kirkju, en Zagloba fór rakteitt á knæpuna.

Það var orðið aldimt, þegar þeir hittust aftur niður við ána, og voru menn Skrjetuskis altílbúnir. Skrjetuski kvaddi þá með virktum. Árarar voru lagðar út, og bátarnir hurfu úr augsyn.

Skrjetuski vafði að sjer kápuna og lagði niður á hálmbing og sofnaði þegar, en hann hafði ekki sem hægasta drauma.